

# AFRÍKA

## SUNNAN SAHARA Í BRENNIDEPLI

Ritstjórar:

Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir



HÁSKÓLAÚTGÁFAN OG AFRÍKA 20:20

2007

# Þræðir í afrískri bókmennta- sögu

Raisa Simola

bókmennta en þetta tímabil markar þó í raun engan veginn upphaf ritaðra, afrískra bókmennta.

Sú var tíðin að litið var á afrískar samtímabókmenntir, einkum skáldsögur, sem litlu systur hinna svokölluðu heimsbókmennta, þ.e. evrópskra bókmennta. Nú er algengara að litið sé á afrískar samtímabókmenntir sem hluta afrískrar arfleifðar, t.d. með hliðsjón af tengslum þeirra við munnlegar bókmenntir.

Í þessu yfirliti afrískra bókmennta verður kastljósinu beint að bæði rituðum og munnlegum bókmenntum. Fjallað verður sérstaklega um fjórar tegundir afrískra bókmennta: í fyrsta lagi munnlegar bókmenntir, munnlega geymd og ritun munnlegra texta. Síðan verður gerð grein fyrir upphafi ritaðra bókmennta á afrískum tungumálum og hin skyndilega aukning í útgáfu ritaðra bókmennta á nýlendutungumálum verður rakin. Að lokum verður gerð grein fyrir nýrri tegund afrískra bókmennta þar sem raddir kvenna heyrast.

**A**frískar bókmenntir eru almennt taldar eiga sér fremur stutta sögu miðað við evrópskar bókmenntir. Hins vegar ef litið er svo á að bókmenntir séu yfirhugtak með tvo undirflokkar sem eru ritaðar bókmenntir og munnlegar bókmenntir, þ.e. bókmenntir sem borist hafa munnlega á milli manna, eiga afrískar bókmenntir sér langa sögu. Það var ekki fyrr enn nýlega sem fundist hafa merki um sagnaritun í Afríku, nánar tiltekið í Timbúktú í Malí. Fram að því hafði verið gengið út frá því að ritaðar, afrískar bókmenntir hafi ekki orðið til fyrr en á síðari hluta sjötta áratugar síðustu aldar og í upphafi þess sjöunda. Því er ekki að neita að á þessu tímabili varð mikil aukning í útgáfu afrískra

## Munnlegar bókmenntir

Varpa þarf fyrir róða hinni langlífu staðalmynd að afrískar bókmenntir jafngildi munnlegri hefð og það verður best gert með rannsóknum á því hvaða áhrif munnlegur skáldskapur hefur haft á samtímaritverk. Einnig má spyrja hvort munnleg geymd jafngildi hefð. Enn hafa aðeins fáeinir afrískir bókmenntafræðingar sérhæft sig í munnlegum bókmenntum en á móti kemur að margir afrískir rithöfundar velta fyrir sér hinu munnlega formi í skrifum sínum.

En hvað er munnleg geymd? Til að svara þessari spurningu þarf ekki aðeins að skoða tilurð munnlegra sagna heldur einnig ritun þeirra og aðlögun.

Þegar Malí hlaut sjálfstæði árið 1960 þótti við hæfi að semja hetjuóð og þá var Sundiata Keita, hinn mikli malíski konungur, tilvalið umfjöllunarefni. Þá birti Djibril Tamsir Niane frægan texta sem nefnist *Sundiata* eða *Mandinka-kvæðin*. Niane, sem styðst við texta farandsöngvara, telur sig eiga honum allt að þakka. Samkvæmt franska bókmenntafræðingnum Alain Ricard er texti Nianes bæði listrænn og vandaður en ber fá einkenni munnlegrar geymdar. Hann bendir á að á hliðstæðan hátt liggi fyrir fjöldinn allur af frönskum textum og afbrigðum þeirra sem hafa verið ritaðir yfir lengri tíma. Þessir textar innihalda sögulegar upplýsingar og ljóðrænar vakningar um hetjudáðir, en endurspeglar þó sáralítið hið upprunalega tungumál, umhverfið, sem textarnir voru fluttir í, eða merkingu ljóðanna. Þær vinsældir, sem texti Nianes hefur öðlast, bera vitni um að slík aðlögun á texta á fullkomlega rétt á sér og Ricard dáist að listrænum gæðum hans. Jafnframt gagnrýnir hann samlanda sína fyrir að kunna aðeins að meta sagnahefðina þegar um franska texta er að ræða.

Það var ekki fyrr en árið 1975, fimmtán árum síðar, sem Gordon Innes skráði *Sundiata: Three Mandinka Versions*. Í þeim texta er að finna nöfn leikara, upplýsingar um aðstæður við ritun, málvísindalegar athugasemdir og bókmenntaskýringar og að mati Ricards uppfyllir hann allar fræðilegar kröfur. Enn fremur má benda á að í frásögn Nianes gegna vopn mun stærra hlutverki en í upprunalegu textunum þar sem megináhersla er lögð á galdramátt keppinautanna tveggja, Sundiata og Sumanguru. Söguhetjunum er þannig eignaður mun magnaðri galdramáttur í þeim þremur textum, sem Innes safnaði og skráði, en í frásögn Nianes og því líkjast þeir öðrum þekktum, munnlegum hetjufrásögnum frá Vestur-Afríku, t.d. frásögnum Fulas, *Sillamaka et Poullori*, og Ijos, *The Ozidi Saga*.

Mikilsvert framlag til rannsókna á munnlegum, afrískum bókmenntum má raunar finna í *The Ozidi Saga* sem John Pepper Clark ritstýrði. Sagan, sem gefin



Götuleikhús í Chirombo, Malaví.  
Ljós.: Skarphéðinn Þórisson

var út árið 1977, á rætur sínar að rekja til ijo-fólksins í syðsta hluta Nígeríu sem er fœður-land ritstjórans. Sagan, sem er sögð á hefð-bundinn hátt og nær yfir sjö hátíðisdaga, greinir frá hetjunni Ozidi og hetjudáðum hans á sviði bardagalistar. Sögunni fylgir tón-list, söngur, dans og leiktúlkun á mikilvæg-um atriðum. Fyrri ritstjórar Þjóðsagnatexta lögðu litla áherslu á að skrá leikræn tilþrif og aðferðir við flutning á ævintýrum eða söngvum. Clark, sem sjálfur var ljóðskáld og leikritahöfundur, notaði hins vegar eigin skilning á sköpunarferlinu til að búa til texta sem dregur upp líflegar myndir af því sem kom fyrir sögumanninn sjálfan og því sem gerðist í kringum hann þegar sagan af Ozidi var flutt. Í sögunni segir sögumaður t.d. frá einhverju sem vekur kæti áhorfenda og gefur Clark það til kynna til að sýna fram á áhrif flutningsins á áhorfendur. Hann skráir líka „upphrópun“ á viðeigandi stöðum til að upplýsa lesandann um að sögumaður hljóti að hafa gert eða sagt eitthvað sem kom áhorfend-um til að hrópa upp yfir sig. Clark gefur einnig til kynna ummæli áhorfenda, hvort sem það eru spurningar eða athugasemdir um flutninginn, og viðbrögð sögumanns við

þeim. Hann skráir enn fremur hvenær tónlist er leikin og við hvaða tækifæri tónlistarhópur sögumannsins flytur tiltekin lög.

Helsta framlag Clarks með bók sinni er því fólgið í því að hann beinir athyglinni að flutningi hinnar munnlegu frásagnar. Margir evrópskir fræðimenn hafa flokkað munnlegar, afrískar frásagnir sem frumstæðar og einfaldar vegna þess að þær eru metnar út frá sömu forsendum og ritaðar bókmenntir. En Clark sýnir fram á að munnlegar sagnir verða til undir allt öðrum kringumstæðum en ritaðar skáldsögur og því verður að meta þær á annan hátt. Áhorfendur geta

haft áhrif á flutning munnlegs texta á margvíslegan hátt. Ef eitthvert atriði í sögunni er endurtekið nokkrum sinnum er það líklega gert vegna þess að viðbrögð áhorfenda við því voru jákvæð (t.d. hlátur). Í rituðum bókmenntum væri slík endurtekning ugglaust talin leiðinleg en í munnlegum bókmenntum taka áhorfendur þátt í sköpunarferlinu og í því tilviki kunna endurtekningar að eiga rétt á sér.

Sagan af Ozidi og hetjudáðum hans er enn sögð á meðal ijöfólksins. Auk þess hafa listamenn á borð við nígeríska tónlistarmanninn Sonny Okosun átt sinn þátt í að bera hróður hetjunnar Ozidis víða um heim með hljómplötunni *Ozidi*. En getum við flokkað þessar sögur sem hetjusögur? Árið 1970 upphófst deila um það hvaða bókmenntir skyldi flokka sem slíkar. Í bók sinni *Oral Literature in Africa* hélt Ruth Finnegan því fram að í Afríku sunnan Sahara væri ekki um neinn slíkan sagnaskáldskap að ræða. Skilgreining hennar á sagnaskáldskap byggist á grískri fyrirmynd, þ.e. rituðum söguljóðum á borð við *Ílionskviðu*.

Isidore Okpewho, sem þá var doktorsnemi í bókmenntum við háskólann í Denver og síðar prófessor í Afríkufraeðum, las bók Finnegan og efaðist um réttmæti skilgreininga hennar. Hann taldi sig einmitt minnst þess að hafa heyrt hetjusögur sem líktust evrópskum sagnaskáldskap þegar hann var barn í Nígeríu. Okpewho lagði fyrri doktorsverkefni sitt til hliðar og hóf rannsóknir á munnlegum, afrískum frásögnum. Í fyrstu bók sinni, *The Epic in Africa: Toward a Poetics of the Oral Performance* (1979), sem er byggð á doktorsritgerð hans, hafnar hann skilgreiningu Finnegan. Í næstu bók Okpewhos, *Myth in Africa: A Study of Its Aesthetic and Cultural Relevance* (1983), svarar hann annarri staðhæfingu Finnegan um að goðsagnir séu ekki einkennandi fyrir munnlegar, afrískar bókmenntir.

Fleiri fræðimenn en Okpewho gagnrýndu skilgreiningu Finnegan á sagnaskáldskap, töldu sjónarmið hennar þröngsýnt og sögðu að enda þótt munnlegar, afrískar frásagnir væru frábrugðnar hliðstæðum, evrópskum textum yrði að líta á söngva og sögur um hetjur sem sagnaskáldskap. Þessar frásagnir byggist á flóknunum, taktbundnum formum sem ekki sé hægt að draga saman í ákveðin háttbundin og bragfræðileg kerfi. Því ætti enginn að velkjast í vafa um tilvist afríksk sagnaskáldskapar og hafa verið nefnd sem dæmi *Mandinka-kvæðin* um Sundiata frá Malí, Lonkundo-söguljóðið *Lianja* frá Alþýðulýðveldinu Kongó, ijo-söguljóðið um Ozidi frá Nígeríu, Fumo Swahili-söguljóðið *Linygo* frá Keníu og súlú-söguljóðið *Shaka* frá Suður-Afríku.

Þótt líta megi á skilgreiningu Finnegan á sagnaskáldskap sem dæmi um þrönga túlkun verður notkun orða eins og „frumstæður“ og „villimannslegur“, sem oft voru notuð til að lýsa afrískum sagnahefðum, að flokkast sem fordómafull. Sem dæmi má nefna titil bókarinnar *Ashanti Proverbs: The Primitive Ethics of a Savage People* eftir Rattray sem kom út árið 1916. Bókin var gefin út á blómaskeiði nýlendutímans og einkenndist af litlum skilningi og tilfinningu fyrir ashantitungumálinu. Á seinni tímum hefur fjöldi fræðimanna, afrískra sem og annarra, veitt hnyttni þessa tungumáls athygli – málshættir, gátur og tungubrjótar sýna ekki aðeins djúpa visku, heldur einnig einstakt listfengi eða skáldskapargáfu vegna þess valds sem sögumaður hefur á hljóði og merkingu.

Aukinn áhugi á bóklegum eiginleikum munnlegra bókmennta Afríku hefur eflaust átt sinn þátt í að breyta fyrra viðhorfi evrópskra fræðimanna til bókmennta álfunnar. Hin mikla gróska í afrískum nútímabókmenntum og rannsóknir á þeim hafa einnig leitt til aukins áhuga á munnlegum, afrískum bókmenntum. Þessar bókmenntir voru fyrst rannsakaðar innan mannfræðinnar, þ.e. af fræðimönnum sem höfðu fyrst og fremst áhuga á að skilja menningu og samfélög, ekki síst lítil samfélög. Það var einmitt í slíku umhverfi sem orðið „frumstæður“ þótti eiga best við. Þegar fræðimenn urðu meðvitaðri um hina menningarlegu fágun sem bjó í munnlegum, afrískum bókmenntum var óhjákvæmilegt að rannsóknir á þeim færðust yfir til sérfræðinga á sviði málvísinda og bókmennta.

Í flestum afrískum háskólum eru rannsóknir á munnlegri bókmenntahefð og kennsla á því sviði nú stundaðar innan tungumála- og bókmenntafræðideilda viðkomandi stofnana, ekki aðeins þeirra sjálfra vegna heldur líka vegna tengsla þeirra við afrískar nútímabókmenntir. Réttlætingin er tvíþætt. Í fyrsta lagi hafa afrískir rithöfundar verið iðnir við að safna munnlegum textum og þýða þá og hafa þannig haldið í heiðri aldagamalli menningu sinni. Í öðru lagi eru munnlegar, afrískar bókmenntir rannsakaðar samhliða afrískum nútímabókmenntum vegna þess að margir afrískir nútímahöfundar nýta sér meðvitað tækni og hugmyndir frá hinni munnlegu arfleifð. Þrátt fyrir þær róttæku breytingar sem orðið hafa á samfélagi þeirra undanfarnar kynslóðir og þrátt fyrir að þeir tjái sig á heimstungumáli sem ekki er þeirra móðurmál nýta þeir sér tiltekin sérkenni hinnar munnlegu hefðar við lýsingar sínar á nútímanum. Wole Soyinka, sem hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1986, hefur í mörgum verka sinna notað ímynd yórúbaguðsins Oguns sem tákn fyrir þann bylt-

ingaranda sem nauðsynlegur er í baráttunni við þau félagslegu mein sem herja á land hans, Nígeríu, og fólk af afrískum uppruna í heild sinni. Eins er hin þekktá skáldsaga Chinua Achebes *Things Fall Apart* fræg fyrir notkun á hinum fjölmörgu igbómálsháttum auk þess að bera einkenni munnlegrar hefðar igbóa.

### Upphaf ritaðra bókmennta

Almennt er talið að letur hafi þróast á fjórum stöðum í heiminum, þ.e. hjá Súmerum í Mesópótamíu, Egyptum, Kínverjum og Majum í Vesturheimi. Elstu ummerki um ritmál eru svokallaðar fleygrúnir Súmera frá fjórða árþúsundi f.Kr. og á sama tíma var myndletur Egypta í þróun. Um 1500 f.Kr. hófu kaupmenn og farmenn frá Föníkíu ritun hljóðtákna en letur þeirra var undir áhrifum frá egypska myndletrinu og fleygrúnnum Súmera. Letur Föníkíumanna, sem innihélt einungis samhljóða, barst til Grikklands á sjöundu eða áttundu öld f.Kr. Grikkir bættu við það sérhljóðatáknum úr arameísku stafrófi. Gríska letrið barst síðan til Ítalíu og þróaðist þar yfir í latínuletur sem notað er í dag. Germanskar þjóðir ristú rúnir sem höfðu þróast úr latínuletrinu og eru elstu minjar um þær frá um 200 e.Kr. Þegar norrænar þjóðir tóku kristna trú á tíundu öld varð latneska letrið allsráðandi.

Eins og víðar um heim var tilkoma bókarinnar í Afríku framlag kristinna manna. Notuð voru latnesk rittákn sem einkenndust af mikilli hagkvæmni en voru stundum nokkuð knöpp fyrir sum tungumál. Eþíópía nýtur hér nokkurrar sérstöðu vegna aldagamallar, kristinnar kirkjuhefðar. Af þekktum eþíópískum tungumálum er ge'ez mikilvægast og var það notað til að rita fyrstu áletranirnar frá þriðju og fjórðu öld e.Kr. Ekki var þó allt, sem ritað var á ge'ez, af trúarlegum toga því að einn eftirtektaerðasti hluti bókmennta á ge'ez eru þýðingar, aðallega úr grísku en einnig úr arabísku og koptísku. Fjöldi texta, sem þýddur var yfir á ge'ez á fyrstu öldum kristinnar, var varðveittur í klaustrum í norðurhluta Eþíópíu. Gamla testamentið á ge'ez inniheldur 81 bók en kaþólska útgáfan inniheldur aðeins 45 bækur og útgáfa mótmælenda samtals 39 bækur. Nokkur rit, sem kaþólikkar höfðu sett til hliðar, voru samþykkt af Eþíópum og bækur eins og *Enoksbók* eru aðeins til á ge'ez. Ævisögur heilags Páls einsetumanns og heilags Antóníusar voru þýddar úr grísku. Eþíópíska ritsafnið *Lives of the Saints* átti að þjóna sem fyrirmynd annarra ritverka innan eþíópísku kirkjunnar. Ge'ez var og er enn þann dag í dag tungumál helgisíða líkt og latínan innan kaþólsku

## RAISA SIMOLA

kirkjunnar. Aldrei voru þó rituð mörg eintök bóka á því tungumáli. Handrit voru skrifuð og þeim dreift beint til viðtakenda.

Ge'ez var mál skriftlærðra manna. Amharíska var hins vegar lengi vel á jaðri handritamenningarinnar enda tungumál alþýðunnar. Amharískan tók þó við af ge'ez þannig að ge'ez sá amharísku ekki aðeins fyrir lettri heldur einnig heilli trúarhefð. Engu að síður ól amharískan af sér nýjar tegundir bókmennta, svo sem ferðasögur og jafnvel skáldsögur.

Prentsmiðjur í Eþíópíu höfðu mikil áhrif líkt og annars staðar. Rit John Bunyams *Pilgrim's Progress* var þýtt á amharísku og gefið út árið 1887. Þessi út-

gáfa hafði mikil áhrif á amharískar bókmenntir sem voru mót-tækilegar fyrir guðhræðslu þessa nægjusama og siðavanda ferðamanns. Sagan var þýdd yfir á önnur afrísk tungumál og hafði hún jafnan áhrif á viðkomandi tungumál og bókmenntir þeirra.

Fá ritverk voru prentuð í prentsmiðjum í lok 19. aldar sem þá voru almennt á vegum trúboða. Breyting varð á árið 1911 þegar Makonnen II. keisari kom fyrstu prentsmiðjunni á laggirnar í Addis Ababa. Rithöfundurinn Heruy Selassie varð síðan forstjóri útgáfufyrirtækisins Imperial Printing Works árið 1917. Þessar tvær stofnanir, prentsmiðjan og útgáfan, áttu eftir að gegna stóru hlutverki í þróun amharískra bók-



Malísk handrit.

Ljósmynd: Abdoul Wahid Haidara, safnvörður

Mohamed Taher bókasafnsins í Timbúktú.

Með leyfi Alida Jay Boye, Timbuktu Manuscripts Project.

mennta. Selassie gaf út *Catalogue of Ge'ez and Amharic Manuscript* og markaði þar með endalok þess tímabils sem munkar og afritarar mótuðu. Við tóku blaðamenn, stjórnámálamenn og kennarar. Með tilkomu prentlistarinnar lukust upp dyr að umheiminum sem leiddi til þess að ungir Eþíópíumenn voru í auknum mæli sendir utan til mennta. Við heimkomuna urðu þeir höfundar nýrra amharískra bók-



mennta og í textum þeirra má lesa um þörfina fyrir breytingar á ríkjandi lénsskipu-  
lagi landsins. Þeir voru ekki byltingarsinnar en nýttu sér þá reynslu sem þeir höfðu  
öðlast í námi sínu og ferðum erlendis.

Afä Wärq Gabra er gjarnan talinn vera fyrsti skáldsagnahöfundur Eþíópíu.  
Ritverk hans marka upphaf amharískra nútímabókmennta en hann samdi einnig  
amharíska málfræðibók og í kjölfar hennar var gefin út ítölsk-amharísk orðabók.  
Hann var einnig fyrsti nútímamenntamaðurinn sem gagnrýndi afturhaldssamar  
venjur lands síns og leit upp til Meneliks keisara sem hafði verið talsmaður  
nývæðingar Eþíópíu. Fyrsta skáldsaga Afä Wärq, *Saga frá hjartanu*, kom út árið  
1908 og er hún jafnframt fyrsta skáldsagan sem rituð er á amharísku og er titill  
hennar *Lebb Wälläd Tarik*. Hún er líka meðal fyrstu skáldsagna afrískra bók-  
mennta. Í henni segir frá raunum kristins hershöfðingja og tveggja barna hans  
sem tekin voru til fanga af heiðnum konungi. Þau lenda í miklu andstreymi en  
konungur tekur loks kristna trú og giftist dóttur hershöfðingjans og tvíbura-  
bróðir hennar giftist systur konungsins. Skáldsögunni lýkur með tveimur ástar-  
söngvum. Afä Wärq og Selassie eru fyrstu höfundarnir sem sköpuðu sér nafn í  
amharískum bókmenntaheimi. Þeir skrifuðu fyrir nýjan hóp lesenda sem hafði  
hlotið vestræna menntun í alþjóðlegum skólum sem höfðu opnað dyr sínar í  
Addis Ababa á þriðja áratug síðustu aldar, t.d. Franska skólanum sem síðar varð  
Fransk-epíópíski menntaskólinn. En í dag er verulegur hluti epíópískra bók-  
mennta ritaður á ensku sem einnig telst tungumál æðri menntunar í háskólanum  
í Addis Ababa.

Orðatiltækið „stafrófið fylgir trúnni“ endurspeglar sögu ritaðra bókmennta í  
Vestur-Afríku eins og svo víða. Þekking á arabísku var aldrei útbreidd meðal al-  
mennings en þó var töluverður hluti bókmennta skrifaður með arabíska stafróf-  
inu og kallaðist ajami. Þar sem íslam var ráðandi trú var ajami notað um alda-  
raðir til að skrasetja texta á afrískum tungumálum. Má þar nefna vesturafrísku  
málin hása, kanúri, fúlaní, soso, wolof og ýmsar mandínkamállýskur, auk svahílí  
sem er útbreiddasta tungumál Austur-Afríku. Læsi á ajami og færni til ritunar á  
því er enn í dag hluti af menntun þeirra sem stunda nám í kóranskólum. Þar sem  
íslömsk menntun hefur víða meiri útbreiðslu en opinber menntun, sérstaklega í  
Vestur-Afríku, er leskunnátta á arabísku eða ajami sennilega algengari en les-  
kunnátta á latnesku lettri.

Til eru heimildir um rithöfunda og útgáfu ritverka í Timbúktú allt aftur til  
15. og 16. aldar. Tvö ritverk, umskrifuð og þýdd, *Tarikh el Sudan* og *Tarikh el*



Handrit frá Timbúktú.  
Með leyfi Alida Jay Boye, Timbuktu Manuscripts Project.

*Fettach*, komu út í upphafi 20. aldar. Þetta eru annálar sem ritaðir eru á arabísku og eru líklega elstu þekktu verk vesturafrískra bókmennta. Að auki hafa mikilvæg, arabísk handritasöfn fundist í Nígeríu og Gana. Hásabókmenntir eru þó líklega kraftmestu og frumlegustu bókmenntirnar sem eiga upphaf sitt að rekja til íslamskrar hefðar í Vestur-Afríku. Talið er að fyrstu þekktu textarnir séu frá

síðari hluta 17. aldar og eru þeir ritaðir með arabísku lettri. Ljóðlist hefur ávallt verið þungamiðja hásabókmennta en hefur tekið breytingum þar sem ljóðskáldin hófu að semja texta og rita þá með latnesku lettri auk ajami. Segja má að hin veraldlega sýn rómverska formsins sé andstæða arabíska formsins, hinna íslömsku einkenna sem birtast á marga vegu. Hása er útbreiddasta tungumálið í Vestur-Afríku.

### Ritun bókmennta á nýlendutungumálum

Ef litið er til bókmennta sem ritaðar eru á nýlendutungumálum í Afríku er gróskan mest í Nígíeríu þar sem höfundar skrifa á ensku. Ein ástæða þess er auðvitað fólksfjöldinn í landinu en hinir fjölmörgu háskólar þar hafa einnig lagt sitt lóð á vogarskálina. Nígíería er föðurland Chinua Achebes (1930- ) en hann hefur stundum verið kallaður „faðir afrískra bókmennta“. Enda þótt sú yfirlýsing sé ekki sönn í orðsins fyllstu merkingu, þar sem afrískar bókmenntir eiga sér langa sögu, er þrátt fyrir allt sannleikskorn í henni. Fyrsta skáldsaga Achebes, *Things Fall Apart* (1958), markar upphaf mikillar grósku í rituðum bókmenntum á nýlendutungumálum í Afríku. Þar sem bækur Achebes eru gjarnan notaðar sem sígild dæmi um afrískar bókmenntir, og jafnvel heimsbókmenntir, mun þessi kafli fjalla að mestu um þær.

Upphaf nígírískra bókmennta á ensku er þó ekki rakið til þessarar fyrstu bókar Achebes, *Things Fall Apart*, heldur bókarinnar *The Palm-Wine Drinkard* eftir Amos Tutuola. Sú bók var gefin út árið 1953 og urðu um hana miklar umræður, einkum vegna tungumálsins sem þótti af sumum vera bjögud enska. Þá var deilt um hvaða bókmenntagrein verkið tilheyrði. Vegna óvenjulegrar uppbyggingar og sérstæðs, skáldaðs heims, þar sem aðalsöguhetjan ferðast niður í heim framliðinna og hittir þar bæði skrímli og aðrar skríttnar skepnur, var umdeilt hvort það væri við hæfi að kalla verkið skáldsögu. Það er fróðlegt að lesa umfjöllun Achebes um verk Tutuolas. Achebe skilgreinir heimssýn Tutuolas og leggur mat á hana en þó má víða greina siðferðileg gildi hans sjálfs. Achebe heldur því fram að fyrstu tvær setningarnar í *The Palm-Wine Drinkard* séu sérstaklega mikilvægar. Sögumaðurinn staðhæfir: „Ég var pálmavínsdrykkjumaður frá því að ég var tíu ára gamall drengur. Ég hafði engan annan starfa en að drekka pálmavín allt mitt líf“. Hér er varpað fram stórrí félagslegri og siðferðilegri spurningu. Hvað gerist þegar maður sökkvir sér í sælu á þann hátt að hann gleymir allri vinnu? Samkvæmt Achebe skoðar Tutuola í ritverki sínu siðleysið, yfirlýsningu og viðeigandi

refsingar og endurreisn misgjörðamannsins. Tutuola er á þeirri skoðun að sá sem ekki vill vinna geti komist af með því að gerast annaðhvort þjófur eða þrælalaldari, en auðæfi föður drykkjumannsins gera honum kleift að hafa í þjónustu sinni þræl sem vinnur gagnslaus verk. Að mati Achebes er boðskapur sögunnar augljós, hún sýni að iðjuleysi einstaklingsins snerti ekki aðeins hann sjálfan heldur megi líta á það sem félagslegt og siðferðilegt brot sem dregur dilk á eftir sér. Þegar öllu er á botninn hvolft telur Tutuola að þörf sé fyrir ákveðið jafnvægi milli starfs og leiks.

Ritverk Achebes samanstanda af skáldsögum, ritgerðum, ljóðum, smásögum og barnasögum, þ.e. öllum tegundum bókmennta að leikritum undanskildum. Hann skrifar þau öll á ensku þó að móðurmál hans sé igbó. Umræðan um hvort afrískir rithöfundar ættu að skrifa á móðurmáli sínu eða nýlendutungumálinu var í algleymingi í Nígeríu, sérstaklega eftir að landið öðlaðist sjálfstæði á sjöunda áratug síðustu aldar. Achebe var talsmaður þess að enska væri notuð. Í fyrsta lagi vegna þess að það gerði öll samskipti innan Nígeríu auðveldari en þar eru tölud um 250 tungumál. Í öðru lagi hafnar hann því sjónarmiði að ómögulegt sé að ná jafnmikilli færni í öðru tungumáli en móðurmáli sínu. Í ritgerð sinni *The African Writer and the English Language* ritar hann þessi frægu orð:

Svo að svar mitt við spurningunni: „Getur Afríkumaður nokkru sinni lært ensku nægilega vel til að geta notað hana á árangursríkan hátt í skapandi skrifum?“ er vissulega játandi. Ef þú spyrð aftur á móti: „Getur hann nokkurn tíma lært að nota hana eins og innfæddur?“ myndi ég segja að ég vonaði að svo væri ekki. Það er hvorki nauðsynlegt né æskilegt að hann geri það. Sem heimstungumál verður enskan að sæta því að vera notuð með ýmsum hætti. Afrískir rithöfundar ættu að hafa það að markmiði að nýta enskuna til að koma skilaboðum sínum á framfæri á sem skýrasta hátt án þess að breyta tungumálinu að því marki að gildi þess sem alþjóðlegur miðill glatist.

Hvað við kemur Achebe og mörgum öðrum afrískum rithöfundum sem skrifa á ensku er því nákvæmara að tala um ensku með afrísku sniði. Í verkum Achebes er það móðurmál hans, igbó, sem ljær ensku hans hinn sérstaka blæ sem einkennir þau.

Frægð Achebes byggist fyrst og fremst á skáldsögum hans *Things Fall Apart* (1958), *No Longer at Ease* (1960), *Arrow of God* (1964), *A Man of the People* (1966)

og *Anthills of the Savannah* (1987). Í þeim lýsir höfundurinn Nígeríubúum almennt, og igbóum sérstaklega, allt frá lokum 19. aldar fram á níunda áratug síðustu aldar. Þetta hundrað ára tímabil spannar félagsleg breytingaskeið og umrótartíma allt frá því fyrir nýlenduskeiðið til nýlendutíma og síðan sjálfstæðis, þar á meðal Bíafratríðið á árunum 1967-1970, og loks á þeim tíma er olíuverð tók að hækka. Við árþúsundamótin hafði skáldsagan *Things Fall Apart* verið þýdd á fimmtíu tungumál og seld í ríflega átta milljónum eintaka. Það er því ekki ofsögum sagt að kalla hana bæði met-sölubók og sígilt verk. Samkvæmt bókmenntafræðingnum Bernth Lindfors, sem er sérfróður um afrískar bókmenntir, er bókin víðlesnari en nokkurt annað afrískt verk á heimsvísu.

*Things Fall Apart* fjallar um félagslegar og einstaklingsbundnar breytingar í igbóþorpi við komu breskra nýlenduherra og nýrra trúarbragða. Heiti bókarinnar endurspeglar afleiðingarnar. Ein ástæðan fyrir vinsældum bókarinnar í Afríku er augljóslega sú að íbúar flestra afrískra landa þekkja sögu nýlendutímans af eigin reynslu. En hún slær á nýja strengi því að sagan er sögð frá sjónarhóli Afríkubúa. Enn aðra mikilvæga ástæðu fyrir vinsældum bókarinnar má vafalaust rekja til listrænna gæða textans. Góð rök fyrir gildi bókarinnar eru að enda þótt hún sé stutt hefur hún orðið gagnrýnendum og fræðimönnum uppspretta mikilla skrifa.

Achebe hefur ekki aðeins ritað skáldsögur heldur einnig verið virkur í margvíslegri menningar- og stjórnmálastarfsemi. Í ritgerðum sínum fjallar hann um málefni á borð við merkingu þess að vera afrískur rithöfundur, deilur um val tungumáls, arfleifð igbó, gagnrýni á nýlendustefnuna, rithöfundinn og samfélagið. Ein áhrifamesta ritgerð hans fjallar um kynþáttafordóma í bókinni *Innstu myrkur* (*Heart of Darkness*) eftir Joseph Conrad. Bókin hefur talist til sígildra bókmennta og ein besta lýsingin á hinu illa eðli heimsvaldastefnunnar. Hún fjallar



Ein víðlesnasta afríska skáldsagan er bók Achebes *Things Fall Apart*.

um eitt af verstu fjöldamorðum sögunnar en það frömdu Belgar í nýlendu sinni Belgísku Kongó, núverandi Alþýðulýðveldinu Kongó. Achebe hefur bent á að túlka megi frásögnina sem fordómafulla og að Afríkubúum sé lýst sem órökréttum og ofbeldisfullum. Íbúarnir og landið verði óendanlega framandi og Afríka sjálf verði „innstu myrkur“ þar sem hvítir, sem aðlagist háttum innfæddra, umbreytist í villimenn. Aðrir færa hins vegar rök fyrir því að rödd Conrads heyrst ekki heldur komi hann skoðun sinni á framfæri með hárfínu háði.

Achebe hefur haft gríðarleg áhrif á afrískar bókmenntir. Nokkrir rithöfundar hafa viðurkennt að *Things Fall Apart* hafi orðið þeim hvatning við val á lífsstarfi. Achebe hefur einnig aðstoðað marga byrjendur á ritvellingum en hann starfaði fyrir útgefandann Heinemann við að koma á fót nýrri ritröð afrískra rithöfunda. Það eitt að skoða þau margvíslegu áhrif sem Achebe hefur haft á skapandi skrif í Afríku, hvort sem þau lúta að texta eða öðru, væri verðugt verkefni.

Achebe, samlandi hans Wole Soyinka og Keníubúinn Ngugi wa Thiong'o hafa oft verið nefndir „hin þrjú stóru nöfn“ fyrstu kynslóðar afrískra rithöfunda. Þannig er tekið til orða vegna þess vaxtarkipps sem varð í skapandi skrifum á seinni hluta sjötta áratugar síðustu aldar og fram á þann sjöunda og sem haldið hefur áfram allt fram á þennan dag. Þessir þrír karlithöfundar, sem allir fæddust á fjórða áratug síðustu aldar, hafa haft mest áhrif í enskumælandi löndum Austur- og Vestur-Afríku, einkum á níunda áratugnum. Þeir voru einnig þrír víðlesnustu höfundarnir í bókmenntanámskeiðum háskólanna og eftirlæti gagnrýnenda. Þessir höfundar eru orðnir sígildir í afrískum bókmenntum, þeir eru víðlesnir og mikilsmetnir enn þann dag í dag.

Fyrsta viðurkenning Vesturlandabúa á afrískum bókmenntum voru veitt nígeríska rithöfundinum Wole Soyinka en hann hlaut Nóbelsverðlaunin árið 1986. Aðrir þrír afrískir rithöfundar, sem hlotið hafa Nóbelsverðlaunin, eru Nadine Gordimer og John M. Coetzee, sem bæði eru frá Suður-Afríku, og Naguib Mahfouz frá Egyptalandi.

## **Raddir kvenna**

Ritstörf kvenna í Afríku hófust fyrst að einhverju marki um miðjan sjöunda áratuginn. Til fyrstu kynslóðar afrískra kvenrithöfunda má telja Flora Nwapa, Delphinia King, Efua Sutherland, Ama Ata Aidoo, Grace Ogot, Miriam Tlali, Zulu Sofola og Bessie Head. Þeim var ekki tekið fagnandi þegar þær hófu ritstörf sín heldur máttu þola háð, fjandskap, hótanir og vandlætingu gagnrýnenda. Við

### III. LISTIR OG BÓKMENNTIR

endurmat á hinni afrísku skáldsögu allt frá árinu 1979 var hvergi minnst á framlag kvenna til greinarinnar. Raddir kvenna voru bældar niður, innlegg þeirra máð út. Á þessum tíma höfðu t.d. Nwapa, Ogot, Head, Sutherland og Aidoo gefið út nokkur verk. Bætt var fyrir þessa vanrækslu árið 1987 þegar *African Literature Today* gaf út tölublað sem var eingöngu helgað konum.

Í dag hafa kvenrithöfundar tekið sér þá stöðu sem þeim ber innan afrískra bókmennta. Sterkasta vísbendingin um það er að ný kynslóð rithöfunda hefur komið í kjölfar fyrsta stóra rithöfundahópsins. Skrif Floru Nwapa urðu Buchi Emecheta hvatning til að gerast rithöfundur. Í hennar hópi eru einnig Ifeoma Okoye,



Malavískar konur tjá sig í dansi.  
Ljós.: Skarphéðinn Þórisson

Mariama Bâ, Nawal El Saadawi, Tess Onueme og Zaynab Alkali. Konur láta þannig raddir sínar heyrast. Með skrifum þeirra hafa afrískar bókmenntir loksins fengið þá viðbót sem vantaði upp á heildarmyndina.

Meðal málefna, sem kvenrithöfundar eins og Nwapa, Bâ, Emecheta, Okoye, Alkali og Sofola brydda upp á, er staða kvenna í hjónabandinu. Hefðin kveður

gjarnan á um að sæmd konunnar og staða hennar tengist hjónabandinu og móðurhlutverkinu og því liggur metnaður stúlkna á þessu sviði. Ógift stúlka hefur brugðist félagslegum vonum, barnlaus eiginkona veldur vonbrigðum og móðir, sem eingöngu á stúlkur, hefur enn ekki uppfyllt skyldur sínar í ríkjandi fyrirkomulagi feðraveldisins. Umdeilt efni innan hjónabandsins er hjúskaparbrot eiginmanna sem getur leitt til þess að þeir taki sér aðra eiginkonu, vanræki fyrri konu sína eða yfirgefi hana.

Í verkum kvenrithöfunda eru konur hvattar til að taka ábyrgð á lífi sínu og vinna sjálfar að því að varpa af sér hlekkjum þvingandi hefða og siðvenja, undirlokunar og neikvæðra gilda. Hvað þetta varðar nægir ekki að tala um karlmanninn sem eina óvininn, konur þjást einnig vegna grimmúðar annarra kvenna og þjóðfélagsins almennt.

Í skáldsögunni *Nervous Conditions* eftir Tsitsi Dangarembga frá Zimbabve dreymir aðalsöguhetjuna um að mennta sig. Námi hennar er þó slegið á frest til að bróðir hennar geti gengið menntavegin. Vegna fátæktar verður skólaganga hennar sem stúlku að bíða til að hægt sé að koma bróður hennar til metorða. Að endingu uppfyllir hún þessa þrá sína og kemst að því að nám, líkt og nýlendustefna og aðlögun að vestrænum siðum og venjum, krefst fórna.

Dangarembga fjallar um málefni kynjanna og setur þau í samfélagslegt samhengi. Hún hvetur lesandann til að endurskoða tvíhyggjuna þar sem afrískum gildum er stillt upp andspænis vestrænum, dreifbýli gegn þéttbýli og hinu hefðbundna andspænis hinu nútímalega.

Önnur áhugaverð skáldsaga er *Zenzele* eftir kvenrithöfundinn J. Nozipo Maraire frá Zimbabve. *Zenzele* er rituð í bréfaformi og dregur upp skýra mynd af grunnildum afrískrar móður í Harare, þ.e. stolti, sem er byggt á því að viðurkenna arfleifð sína, virðingu fyrir fjölskyldunni, skynsamlegu notagildi menntunar og mikilvægi þess að rækta langtímasambönd og auka skilning milli kynþátta.

Ekki er unnt að líta fram hjá kynbundnum áhrifum á afríska rithöfunda og bókmenntagagnrýnendur. Eitt dæmi um aukna vitund kvenna er leitin að sterkum konum úr fortíðinni. Vissulega má í afrískri sögu finna kvenleiðtoga á borð við Hatsepsut drottningu í Egyptalandi (15. öld f.Kr.), Cadence frá Meroe, Eþíópíu, sem nefnd var í Biblíunni (3.-2. öld f.Kr.), Amina Zaria (15.-16. öld e.Kr.), Nzinga frá Angóla (1581-1663), Yaa Asantewa frá Asante (1840/60-1921) og Nehanda frá Zimbabve (1863-1898).



Í sögu Nígeríu hafa á seinni tímum komið fram merkar konur eins og Madam Tinubu, Efunsetan Aniwura, Emotan og Idolorusan prinsessa sem sett hafa svip sinn á félagslegt umhverfi og stjórn mála- og fjármálaheim síns tíma. Svipuð dæmi um sterkar konur má finna víða um alla Afríku. Einnig eru til heimildir um kvennasamtök og andspyrnuhreyfingar kvenna.

Enda þótt sumar konur hafi sótt hvatningu og styrk í söguna má ekki líta fram hjá því að verk karlithöfunda voru ekki með öllu sneydd sterkum kvenpersónum. Í bókinni *A Grain of Wheat* lýsir Ngugi wa Thiong'o til að mynda konum sem tóku þátt í andspyrnuhreyfingu og í bókinni *God's Bits of Wood* dregur Sembene Ousmane upp mynd af konum sem skipa sér í fylkingarbrjóst í baráttunni gegn kynþáttaförðum og fátækt. Í *Anthills of the Savannah* eftir Achebe sækir aðalkvensöguhetjan róttækni og styrk í goðsagnakennda fortíðina og hefðir kvenna.

Í verkum flestra afrískra kvenrithöfunda og -gagnrýnenda má greina sterka kvenvitund. Konur hafa reynt að draga upp nýja og jákvæða mynd af afrísku kvenfólki til að leiðrétta þann skarða hlut sem konur hafa borið frá borði. Þó hafa sumir kvenrithöfundar eindregið og ótvírætt hafnað því að vera kallaðar femínistar. Þess í stað nota þær hugtakið „kvennastefna“. Alice Walker, rithöfundur og gagnrýnandi, sem er Bandaríkjamaður af afrískum uppruna, hefur tileinkað sér þetta hugtak. Hún leggur áherslu á samfélagslegt líf og virðingu fyrir fjölskyldunni. Þó eru til afrískir kvenrithöfundar og -gagnrýnendur sem forðast alls ekki femínistastimpilinn.

Einn frumlegasti kvenrithöfundurinn er Yvonne Vera frá Zimbabve sem í skáldsögum sínum lýsir með óvenjulegri stílnilli þeim glundroða og ringulreið sem ríkir í litlu sveitasamfélagi og þeirri fjarstæðukenndu tilveru sem nýlenduyfirvöld þröngva upp á íbúana. Assia Djebar frá Alsír og Bessie Head frá Suður-Afríku eiga margt sameiginlegt með henni. Þær rita í óbundnu máli og einkenni þeirra sem höfunda er flókin uppbygging textans.

Þessar þrjár konur skrifa allar um reynsluheim kvenna og þær takmarkanir sem konum eru settar af nýlenduherrum, sem og síðum í eigin samfélagi. Þær lýsa afleiðingum þess að ganga í berhögg við þessar takmarkanir og því andlega og líkamlega ofbeldi sem uppreisnarkonan þarf af búa við. Eins og Head og Djebar gerir Vera að engu goðsagnir um kvenleika og rómantík. Hún lýsir á raunsannan hátt og án allrar tilfinningasemi því gjaldi sem konur þurfa að greiða fyrir það val sitt að standa á eigin fótum, lausar undan oki nýlendustefnunnar.

## Um (mis)notkun á afrískum skáldsögum

Fjöldi afrískra bókmenntafræðinga hefur lýst yfir áhyggjum sínum af því að afrískar skáldsögur kunni að vera mistúlkaðar í skólum. Þeir hafa áhyggjur af því að nemendur geti auðveldlega fallið í þá gryfju að telja að ein tiltekin skáldsaga lýsi bókstaflegum eða sögulegum sannleika. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að minna nemendur á að skáldsögur eru bókmenntaverk sem eru háðar tíma og vettvangi rithöfundarins annars vegar og tíma og vettvangi lesandans hins vegar þar sem staða rithöfundarins og lesandans er skilgreind út frá sögu, þjóðfélagsstöðu, kyni og sjálfsmynd viðkomandi. Bókmenntaverk eru ekki dæmisögur um mannfræði, stjórnmál eða sögu. Þrátt fyrir það má læra margt af bókmenntum um tiltekin samfélög Afríku á tilteknu tímabili.

## Heimildir

- Achebe, Chinua (1972 [1958]). *Things Fall Apart*. London: Heinemann.
- 1975. *Morning Yet on Creation Day*. Essays. New York: Doubleday.
  - 1988. *Hopes and Impediments*. Selected Essays 1965-1987. London: Heinemann.
- Chukwuma, Helen (2000). The Face of Eve: Feminist writing in African literature. Í D. Opata og A. U. Ohaegbu (ritstj.), *Major Themes in African Literature* (bls. 101-114). Nsukka, Nigeria: AP Express Publishers.
- Clark-Bekederemo, John Pepper (1966). *Ozidi*. London og Ibadan: Oxford University Press.
- 1977. *The Ozidi Saga. Collected and Translated from the Ijo of Okabou Ojobolo*. Ibadan: Ibadan University Press/Oxford University Press.
- Courlander, Harold (1996). *A Treasury of African Folklore*. New York: Marlowe & Company.
- Finnegan, Ruth (1970). *Oral Literature in Africa*. Oxford: Clarendon Press.
- Gérard, Albert (1971). *Four African Literatures: Xhosa, Sotho, Zulu, Amharic*. Berkeley og Los Angeles: University of California Press.
- Hay, Margaret Jean (2000). *African Novels in the Classroom*. Boulder og London: Lynne Rienner Publishers.
- Innes, Gordon (1975). *Sundiata: Three Mandinka Versions*. London: School of Oriental and African Studies.
- Kolawole, Mary E. Modupe (2000). Feminine preoccupations in African literature: a theoretical appraisal. Í D. Opata og A. U. Ohaegbu (ritstj.), *Major Themes in African Literature* (bls. 115-130). Nsukka, Nigeria: AP Express Publishers.

### III. LISTIR OG BÓKMENNTIR

- Lindfors, Bernth (ritstj.) (1975). *Critical Perspectives on Amos Tutuola*. Washington D.C.: Three Continents Press.
- (1995). *Long Drums. Teaching and Researching African Literatures*. Trenton, NJ: Africa World Press.
- Okpewho, Isidore (1992). *African Oral Literature. Backgrounds, Character, and Continuity*. Bloomington and Indianapolis: Indiana University Press.
- Opata, Damian og Aloysius U. Ohaegbu (ritstj.) (2000). *Major Themes in African Literature*. Nsukka, Nigeria: AP Express Publishers.
- Ricard, Alain (2004). *The Languages & Literatures of Africa*. Oxford: James Currey.
- Seydou, Christiane (ritstj.) (1972). *Sildamaka et Poullori, récit épique peul raconté par Tinguidiji*. Paris: Armand Colin (Les classiques africains).
- Simola, Raisa (1995). *World Views in Chinua Achebe's Works*. Frankfurt am Main etc.: Peter Lang.
- Sunkuli, Leteipa Ole og Simon Okumba Miruka (1990). *A Dictionary of Oral Literature*. Nairobi: Heinemann Kenya.

#### *Heimasíður*

- Africa's 100 Best Books of the 20th Century. An initiative of the Zimbabwe International Book Fair. African Studies, Columbia University Libraries. Skoðað 5. júlí 2007 á [www.columbia.edu/cu/lweb/indiv/africa/cuvl/Afbks.html](http://www.columbia.edu/cu/lweb/indiv/africa/cuvl/Afbks.html)
- Timbuktu Manuscripts Project for the Preservation and Promotion of African Literary Heritage. Skoðað 10. júní 2007 á [www.sum.uio.no/timbuktu/](http://www.sum.uio.no/timbuktu/)  
[www.sum.uio.no/research/mali/timbuktu/events/unesco/unesco\\_2007.pdf](http://www.sum.uio.no/research/mali/timbuktu/events/unesco/unesco_2007.pdf)